



Svæðisskipulagsnefnd höfuðborgarsvæðisins

Tillaga að starfs- og fjárhagsáætlun svæðisskipulagsnefndar fyrir árið 2022

Tillaga að starfs- og fjárhagsáætlun svæðisskipulagsnefndar og svæðisskipulagsstjóra fyrir árið 2022 er svohljóðandi:

1. Fundir svæðisskipulagsnefndar

Tilgangur funda er að fylgjast með þróun og framkvæmd gildandi svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins 2040 og fjalla um og afgreiða breytingar á því.

Lagt er til að nefndin haldi 9 fundi á árinu 2022 til að fylgast með þróun og framkvæmd svæðisskipulags. Fimm fyrir sumarfrí og fjórar eftir sumarfrí. Dagsetningar funda fyrir árið verða fastsettar og mun formaður leggja fram tillögu þess efnis í byrjun árs. Fjárhagsáætlun gerir jafnframt ráð fyrir að nefndin geti haldið 10. fundinn, sé þörf á, eða vinnufund utan hefðbundinna fundarstarfa.

2. Fjárhagsáætlun svæðisskipulagsnefndar

Lagt er til að á árinu 2022 verði gert ráð fyrir 5.000.000 kr.- í verkefnakostnað sem skiptist til helminga milli verkefna sem varða framfylgd svæðisskipulags og verkefna tengt sóknaráætlun höfuðborgarsvæðisins, áþekkt því sem gert var árið 2021. Fimm milljónir króna fari í rekstur skrifstofu SSH, sem er óbreytt upphæð frá fyrra ári.

Tillaga að áætlaðri skiptingu fjárhagsáætlunar svæðisskipulags er svohljóðandi:

	2022
Svæðisskipulagsnefnd og svæðisskipulagsstjóri	21,376,537
Skrifstofa SSH	5,000,000
Verkefnakostnaður	5,000,000
Samtals	31,378,559

Áætlaður kostnaður sem fellur á hvert sveitarfélag og mun miðast við hlutfallsskiptingu íbúafjölda 1. des. 2021:

Reykjavík	133,262	56.34%	17,678,962
Kópavogur	38,332	16.21%	5,085,245
Seltjarnarnes	4,715	1.99%	625,507
Garðabær	17,693	7.48%	2,347,210
Hafnarfjörður	29,687	12.55%	3,938,372
Mosfellsbær	12,589	5.32%	1,670,097
Kjósarhreppur	250	0.11%	33,166
Samtals	236,528	100.00%	31,378,559

Reykjavík, 17. september 2021

Virðingarfyllst,

Jón Kjartan Ágústsson
Svæðisskipulagsstjóri höfuðborgarsvæðisins